


Vörucarfa ASÍ hækkaði mest í Bónus, um 2,9%, á milli verðmælinga verðlagseftirlitsins í annarri og fjórðu viku septembermánaðar (37. og 39. viku). Verð körfunnar hækkaði um 1,4% í Hagkaupum og 1,2% í Nóatúni á sama tímabili. Mest lækkaði verð körfunnar í Samkaupum-Strax, um 4,4%, á milli verðmælinga og karfan lækkaði sömuleiðis í Nettó um 1,8% og í Kaskó um 0,9% á tímabilinu.


Mikil hreyfing er á verði í matvöruverslunum um þessar mundir sem getur gert neytendum erfitt um vik að átta sig á verðlagi og gera verðsamanburð. Í ljósi mikillar lækkunar á gengi íslensku krónunnar eru teikn á lofti um áframhaldandi hækkunir á mat- og drykkjarvörum og eru neytendur því hvattir til þess að vera sérstaklega vel á verði og fylgjast með verðlagningu í verslunum. Í ljósi fjölda ábendinga sem borist hafa verðlagseftirlitinu er við þessar aðstæður einnig ástæða til að árétta að neytendur fylgist vel með því að samræmi sé á milli þess verðs sem gefið er upp á verðmerkingu inni í verslunum og því sem greitt er fyrir vöruna við kassa.



Í lágvöruverðsverslununum hækkaði verð á vörukörfu ASÍ mest í Bónus, um 2,9%, sem skýrist að stærstum hluta af hækkun á kjötvörum (7,3%), brauði og kornvörum(1,8%), ýmsum matvörum (4,6%) og hreinlætis- og snyrtivörum (4,5%) í vörukörfunni, en á móti vegur að grænmeti og ávextir í körfunni lækkuðu nokkuð (-5,2%) á milli mælinga. Í Krónunni hækkaði verð vörukörfunnar um 0,5% á milli verðmælinga. Lækkun á verði körfunnar um 1,8% í Nettó má að mestu rekja til lækkana á kjötvörum(-8,3%) í körfunni en á móti vegur nokkur hækkun á grænmeti og ávöxtum (4,8%) í körfunni. Verð körfunnar lækkaði einnig í Kaskó á milli verðmælinga, eða um 0,9%, sem skýrist að mestu af lækkun á verði kjötvara (-8,1%) en á móti vegur hækkun á grænmeti og ávöxtum (4,6%), sætindum (2%) og liðnum ýmsar matvörur (3,4%) í vörukörfunni.

Verð körfunnar lækkaði einnig í Kaskó á milli verðmælinga, eða um 0,9%, sem skýrist að mestu af lækkun á verði kjötvara (-8,1%) en á móti vegur hækkun á grænmeti og ávöxtum (4,6%), sætindum (2%) og liðnum ýmsar matvörur (3,4%) í vörukörfunni.

Vika 37 og 39	Bónus	Krónan	Nettó	Kaskó
Breyting vörukörfu vegið meðaltal	2,9%	0,5%	-1,8%	-0,9%
Brauð og kornvörur	1,8%	-1,6%	-0,6%	0,9%
Kjötvörur	7,3%	1,9%	-8,3%	-8,1%
Mjólkurvörur, ostar og egg	0,3%	0,4%	0,2%	0,0%
Grænmeti og ávextir	-5,2%	-3,4%	4,8%	4,6%
Sykur, súkkulaði, sælgæti ofl.	3,1%	2,0%	0,3%	2,0%
Ýmsar matvörur	4,6%	1,9%	-1,9%	3,4%
Drykkjarvörur	0,4%	-0,1%	0,8%	-1,5%
Hreinlætis- og snyrtivörur	4,5%	1,8%	0,0%	-1,6%



Í stórmörkuðunum hækkaði verð vörukörfunnar mest, á milli verðmælinga í annarri og fjórðu viku septembermánaðar, í Hagkaupum, um 1,4% sem rekja má að mestu til hækkana á brauði og kornvörum (3,3%), grænmeti og ávöxtum (5,7%) og sætindum (2,2%) í vörukörfunni. Í Nóatúni hækkaði heildarkarfan um 1,2% á milli mælinga sem skýrist að mestu af hækkun á kjötvörum (4,4%), ýmsum matvörum (2,6%), mjólkurvörum og brauði og kornvörum (1,2%) í vörukörfunni, en á móti vegur lækkun á hreinlætis- og snyrtivörum (-11,4%) í körfunni. Í Samkaupum-Úrvali hækkaði verð vörukörfunnar um 0,5% á milli verðmælinga og voru mestar hækkanir á grænmeti og ávöxtum (2,9%), mjólkurvörum, ostum og eggjum (1,3%) og brauði og kornvörum (1,1%) í körfunni.

Vika 37 og 39	Hagkaup	Nóatún	Samkaup-Úrval	Tíu-ellefu	Ellefu-ellefu	Samkaup-Strax
Breyting vörukörfu vegið meðaltal	1,4%	1,2%	0,5%	-0,1%	0,5%	-4,4%
Brauð og kornvörur	3,3%	1,2%	1,1%	1,4%	1,9%	1,7%
Kjötvörur	0,5%	4,4%	0,0%	-1,7%	0,5%	-16,8%
Mjólkurvörur, ostar og egg	-0,4%	1,3%	1,3%	0,4%	-2,0%	-1,6%
Grænmeti og ávextir	5,7%	0,3%	2,9%	-1,5%	2,2%	-1,1%
Sykur, súkkulaði, sælgæti ofl.	2,2%	0,0%	0,3%	0,8%	2,4%	0,7%
Ýmsar matvörur	-1,4%	2,6%	-1,5%	0,5%	1,5%	-5,7%
Drykkjarvörur	-0,6%	0,6%	0,0%	0,6%	-0,5%	-1,1%
Hreinlætis- og snyrtivörur	1,9%	-11,4%	0,0%	1,4%	-3,9%	2,1%

Í klukkubúðunum hækkaði verð á vörukörfu ASÍ mest í 11-11 um 0,5% á milli verðmælinga en í 10-11 stóð verð körfunnar nánast í stað. Í Samkaupum-Strax lækkaði verð körfunnar um 4,4% á milli mælinga sem skýrist að langmestu leyti af lækkun á verði kjötvára (-16,8%) og liðnum ýmsar matvörur (-5,7%).

Verðlagseftirlitið mælir breytingar á verði vörukörfu sem getur endurspeglad almenn innkaup meðalheimilis. Vörukarfa ASÍ inniheldur allar almennar mat- og drykkjarvörur, t.d. brauðmeti, morgunkorn, pasta, kjöt, fisk, grænmeti, ávexti, pakkavörur, kaffi, gos, safa, auk hreinlætis- og snyrtivara. Við samsetningu vörukörfunnar voru hafðar til hliðsjónar vogir Hagstofunnar sem notaðar eru til útreiknings á vísitölu neysluverðs. Vogirnar segja til um hversu stór hluti tilteknir vöruflokkar eru af neyslukörfu meðalheimilis. Verðbreytingar eru skoðaðar í eftirfarandi verslanakeðjum: Í lágvöruverðsverslunum Bónus, Krónunni, Nettó og

Kaskó og í almennu matvöruverslununum Hagkaupum, Nóatúni og Samkaupum-Úrvali og Klukkubúðunum 10-11, 11-11 og Samkaupum-Strax.

Þess ber að geta að hér eru einungis birtar upplýsingar um verðbreytingar í verslanakeðjunum á milli vikna. Ekki er því um beinan verðsamanburð að ræða, þ.e.a.s. hvar ódýrustu vörukörfuna var að finna. Einnig er rétt að athuga að skoðuð eru þau verð sem eru í gildi í verslununum á hverjum tíma og geta tilboð á einstaka vöruliðum því haft áhrif á niðurstöðurnar.

Óheimilt er að vitna í niðurstöðurnar í auglýsingum og við sölu nema með heimild ASÍ.